

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/4/EB

2010/EES/21/14

frá 23. janúar 2009

um gagnaðgerðir til að koma í veg fyrir og greina hvort átt hafi verið við ökuritaskrár og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE ⁽¹⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2006/22/EB skal samþykkja breytingar á viðaukunum við þá tilskipun, sem eru nauðsynlegar til að aðlaga þá að þróun bestu starfsvenja við framkvæmd og eftirlit með aksturstíma og hvíldartíma, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 12. gr.
- 2) Með tilkomu stafræna ökuritans hefur athygli framkvæmdastjórnarinnar verið vakin á nýrri hættu vegna uppsetningar tækja sem ætlunin er að nota til að svindla á kerfinu og grafa þar með undan skilvirkri framkvæmd félagsmálalöggjafar er varðar flutningastarfsemi á vegum.
- 3) Því er viðeigandi að tryggja að aðildarríkin hafi sérstakt eftirlit með þeim búnaði samfara vegaeftirliti og eftirliti í fyrirtækjunum.
- 4) Einnig er nauðsynlegt að skilgreina nánar þann staðalbúnað sem eftirlitsmenn eiga að hafa aðgang að til að tryggja árangur af slíku eftirliti.

5) Því ber að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 2006/22/EB til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2006/22/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 5. liður bætist við í A-hluta í I. viðauka:

„5. eftir því sem við á og að teknu tilhlýðilegu tilliti til öryggissjónarmiða, sannprófunar skráningarbúnaðar sem er settur upp í ökutæki í þeim tilgangi að greina uppsetningu og/eða notkun hvers konar tækis eða tækja sem ætlað er að eyðileggja, fjarlægja, eiga við eða breyta hvers konar gögnum, eða sem ætlað er að trufla hvers konar skipti á rafrænum gögnum á milli íhluta skráningarbúnaðar eða sem ætlað er að rugla eða breyta gögnum með þeim hætti áður en dulkóðun á sér stað.“

2. Eftirfarandi 3. liður bætist við Í II. viðauka:

„3. sérstakan greiningarbúnað með viðeigandi hugbúnaði til að sannprófa og staðfesta stafræna undirskrift gagna, ásamt sérstökum greiningarhugbúnaði sem sýnir nákvæmt hraðamynstur ökutækja áður en skoðun skráningarbúnaðar þeirra fer fram.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 11.3.2010, bls. 37.

(¹) Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35.

(²) Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

31. desember 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. janúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio Tajani

varaforseti.
